

Fundargerð hreppsnefndar 10. desember 2015

Fundur nr. 32 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 10. desember 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps:

a) Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2016-2019 lögð fram til síðari umræðu

Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árin 2016-2019, A- og B-hluta, lögð fram til síðari umræðu. Fyrri umræða fór fram á fundi sveitarstjórnar þann 19. nóvember sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu forsendum áætlunarinnar 2016-2019 og þeim markmiðssetningum sem fram eru settar í henni. Helstu liðir áætlunarinnar eru eftirfarandi:

Heildartekjur sveitarfélagsins (A- og B-hluta) á árinu 2016 eru áætlaðar 933,7 millj. kr.

Tekjur A- hluta eru áætlaðar 621.9 millj.kr. Tekjur skiptast á eftirfarandi hátt: skatttekjur 354.4 millj. kr., framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 168.0 millj. kr. og aðrar tekjur 99.5 millj. kr. Tekjur B-hluta eru áætlaðar 325,9 millj. kr. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar í heild á árinu 2016 er jákvæð um 92.5 millj. kr.

Í áætluninni er gert ráð fyrir framkvæmdum að upphæð kr. 124.7 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir lántökum. Til að mæta framkvæmdum umfram rekstrarniðurstöðu er gengið á eigið fé samstæðunnar.

Fjárhagsáætlun 2016 síðan borin upp til samþykktar ásamt bókun, samhljóða samþykkt.

2. Fundargerðir:

a) Velferðarnefndar dags. 29. október 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 10. nóvember 2015

Samþykkt að fela sveitarstjóra að koma á fundi með fulltrúum í skipulags- og umhverfisnefnd s.s. nefndin óskar eftir og varðar stöðu sormála í sveitarfélaginu. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

c) 832. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

d) 379. fundar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

e) 23. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

f) Aðalfundar Héraðsskjalasafns Austfirðinga og fundargerð stjórnar dags. 25.nóvember 2015

Lagt fram til kynningar.

g) Starfshóps um framhaldsskóladeild dags. 24. nóvember 2015

Lagt fram til kynningar.

h) 126. fundar HAUST

Lagt fram til kynningar.

3. Almenn mál:

a) Drög að gjaldskrár fyrir árið 2016 lagðar fram til afgreiðslu

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu, þeim tillögum sem liggja fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir að verð fyrir heitt vatn til Veiðifélags Selár verði 70,46 kr./m³ án vsk. Er talan byggð á viðmiðunartölum frá öðrum sveitarfélögum. Samþykkt með 6 atkv., enginn á móti. Guðrún Hildur sat hjá.

Samhljóða samþykkt að sveitarstjórn fundi með stjórn veiðifélagsins þar sem farið verði yfir málið, þ.e. sölu á heitu vatni.

Gjaldskráin var síðan borin upp í heild sinni, samhljóða samþykkt.

b) Byggðakvóti fiskveiðiárið 2015/2016

Byggðakvóti Vopnafjarðarhrepps 2015/2016. Svar við bréfi atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 27. nóvember 2015 vegna óska atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um skýringar á sérreglum sem sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2015.

Málefni byggðakvóta fiskveiðiárið 2015/2016 var á dagskrá atvinnu- og ferðamálanefndar 27. október 2015 þar sem málið var tekið fyrir og tillaga samþykkt sem lögð var fyrir sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 17. nóvember sl. Sveitarstjórn samþykkti tillögu sem síðan var send ráðuneytinu.

Niðurstaða sveitarstjórnar að samþykkja breytingu á hlutfallstölu sem skipta á jafn milli báta úr 28% úthlutaðs byggðakvóta í 35% byggir á því að gefa kvótalitlum útgerðum frekara tækifæri á að fá úthlutað byggðakvóta þannig að nýliðun geti frekar orðið í greininni.

Tillagan samþykkt með 4 atkvæðum Stefáns Gríms, Eyjólfss, Guðrúnu Hildar og Sigríðar Elvu. Tveir á móti, Bárður og Magnús Þór. Sigríður Bragadóttir sat hjá.

c) Opnunartími sundlaugar

Samþykkt samhljóða eftirfarandi opnunartíma sundlaugar:

Að vetri, 01.09-30.04: Virka daga kl. 14:00-18:00 og um helgar kl. 12:00-16:00. Lokað verði á mánudögum.

Að sumri, 01.05-31.08: Alla daga kl. 12:00-22:00. Í júlí verði opið milli kl. 10:00-22:00.

d) Bréf frá Bjarney Guðrúnu Jónsdóttur

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að svara bréfitara.

e) Virðisaukaskattur vegna fólksflutninga

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu, að öðru leyti til kynningar.

f) Umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga 263. mál

Lagt fram til kynningar.

4. Lögð fram tillaga um lokun fundar

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – opnum fundi slitið kl. 17:22.

[Fylgigögn fundar 101215.pdf](#)